Skólaárið 2023-24

# Starfsáætlun Undralands



Anna Erla Valdimarsdtir
Leikskólastjóri

# Efnisyfirlit

1. Formáli ... 2

2. Inngangur ... 2

3. Leiðarljós leikskólans ... 2

4. Mat á skólastarfi ... 3

Innra mat leikskólans ... 3

Innra mat 2023-2024 ... 4

Foreldrakönnun ... 5

Starfsmannasamtöl/-könnun ... 5

Mat barna ... 6

Mat barnanna í elsta árgangi: ... 6

Ytra mat ... 6

6. Foreldrasamstarf ... 7

Foreldraráð ... 7

Foreldrafélag ... 7

7. Starfsmannamál ... 7

Samsetning starfsmannahópsins ... 7

8. Símenntunaráætlun ... 8

Skipulagsdagar og starfsmannafundir ... 8

9. Aðrar upplýsingar ... 9

Fjöldi barna ... 9

Sérkennslutímar ... 9

10. Fylgigögn ... 10

Fylgiskjal 1 – Umbótaáætlun MMS/framvinduskýrsla ... 10

Fylgiskjal 2 – Innra mat/Umbótaáætlun 2023-25 ... 10

Fylgiskjal 3 – Innra mat – matsáætlun Undralands 2024-25 ... 10

Fylgiskjal 4 - Skóladagatal ... 10

## 1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá Skólanefnd Hveragerðisbæjar. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

## 2. Inngangur

Leikskólastarf var hefðbundið skólaárið 2022-2023, öll börn fóru skipulagt starf innan sinna deilda og samkvæmt skipulagi á viðkomandi deild. Börn fóru vikulega í LAL stundir í sal, Lubbastundir voru einu sinni í viku og Vináttuverkefni Blæs vikulega fyrir árganga 2018-2020. Allt þetta kennsluefni er nýtt bæði í hópastarfi og samverustundum. Tónlistartímar voru einu sinni í viku fyrir öll börn með Bettinu.

Á haustmisseri var settur saman samráðshópur þvert á skólastigin með það að markmiði að innleiða og efla útikennslu. Í framhaldinu var útikennsla aukin til muna og fóru öll börn stórum og litlum hópum amk einu sinni í viku í vinnu utandyra, ýmist í nánasta nágrenni leikskólans eða í lengri ferðir.

Elsti árgangur leikskólans vann að auki hópavinnu með það að markmiði að brúa bilið milli skólastiga.

Hefðir leikskólans héldust að mestu óbreyttar.

Leikskólastarf skólaárið 2023-2024 verður með sama hætti og undanfarin ár.

## 3. Leiðarljós leikskólans

<u>Skólastarfið</u>

Við í Undralandi viljum að:

- Að börn fá tækifæri til að læra í gegnum leik og eigin upplifanir.
- Að börn læri að bera umhyggju fyrir sjálfum sér, öðrum manneskjum, dýrum og náttúrunni.
- Að börn finni öryggi, stöðugleika og traust í öllum samskiptum

<u>Einkunnarorð skólans:</u>

Einkunnarorð leikskólans voru endurskoðuð síðastliðinn vetur á starfsmannafundi og eftir hópavinnur var niðustaða þeirrar að breyta þeim úr „Leikur – Öryggi – Umhyggja“ í „Leikur – Virðing – Vinátta“.

**LEIKUR:** felst m.a. í að því að barnið öðlist reynslu með uppgötvun í leik. Í leik læra þau mest og best og fá tækifæri til að tjá og vinna úr tilfinningum. Þau þurfa að hafa frelsi og tækifæri til að læra á tilveruna, samferðamenn og sig sjálf á eigin hraða og forsendum:

- Læra á lífið í gegnum leikinn og auka félagsfærni, þroska og þekkingu.
- Auka sjálfræði, sköpun, frumkvæði og þor.
- Ýta undir fróðleiksfýsn og tilraunir með mismunandi efnivið.

**VIRÐING:** felst meðal annars í því að börnin taki tillit hvert til annars og efli þannig skilning á tilfinningum sínum, sem og annarra. Lagt er upp úr góðu trausti og samstarfi milli barna, starfsfólks, heimilis og skóla.

- Bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu sínu.
- Öryggi, kurteisi, umhyggjusemi og umburðalyndi er í hávegum haft.
- Tileinka sér heilbrigt líf.

**VINÁTTA:** felst meðal annars í að börnin fái tækifæri til að mynda tengsl sín á milli og þroska vináttusambönd. Við öðlumst öryggi með því að tengjast öðrum en eins og Aristóteles sagði „vinurinn er annað sjálf“.

- Sýna umburðarlyndi með því að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans.
- Reyna að vera öllum góður félagi og að virða margbreytileikann innan hópsins.
- Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpsemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.
- Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

# 4. Mat á skólastarfi

## Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Undralands eru framfarir og líðan barna, markmið og stefna skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni allra starfsmanna. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar ásamt fyrir fram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

| Matsþættir | 2024-2025 | 2025-2026 | 2026-2027 | 2027-2028 |
|---|---|---|---|---|
| Stjórnun | | | | |
| Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi | x | x | x | X |
| Stjórnun skólans og daglegur rekstur | X | | x | |
| Faglegt samstarf | | x | | X |
| Leikskólaþróun og símenntun | X | x | x | x |
| Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur | x | x | x | x |
| Uppeldis- og menntastarf | | | | |
| Skipulag náms og námsaðstæður | x | x | x | x |
| Uppeldi, menntun og starfshættir | x | x | x | x |
| Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka | | | x | |
| Námssvið leikskólans | x | x | x | x |
| Leikskóli marg breytileikans | | x | | |
| Mat á námi og velferð barna | x | x | x | x |
| Mannauður | | | | |
| Hlutverk leikskólakennara | x | | x | |
| Fagmennska starfsfólks | x | | x | |
| Starfsánægja | | x | | x |
| Leikskólabragur | | | | |
| Viðmót og menning | | x | | x |
| Velferð og líðan barna | x | x | x | x |
| Þátttaka foreldra í leikskólastarfi | | x | | x |
| Viðhorf foreldra | | x | | x |
| Innra mat | | | | |
| Skipulag og viðfangsefni | | X | | X |
| Gagnaöflun og vinnubrögð | | X | | X |
| Opinber birting og umræður | | X | | X |

### *Innra mat 2023-2024*

Innra mat er fagleg ígrundun og greining á gögnum um leikskólastarfið þar sem mat er lagt á hversu vel tekst að ná þeim gæðum eða þeim árangri sem stefnt er að út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum.  Matið gerir leikskólum kleift að kynnast starfi sínu vel og að finna bestu leiðirnar til umbóta fyrir börnin.

Unnið er út frá eftirfarandi spurningum:

- Hversu vel stöndum við okkur?
- Hvernig vitum við það?
- Hverjir eru okkar styrkleikar og hvaða þætti þurfum við að bæta?
- Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri?

Innra mat leikskólans er unnið upp úr niðurstöðum úr foreldrakönnun, samtölum við foreldra, starfsmannakönnun Skólapúlsins og starfsmannaviðtölum, viðtölum við börn og úrbótaáætlun í kjölfar ytra mats MMS. Teknar eru niðurstöður úr ofangreindum matsverkfærum og þeir þættir sem koma upp í þeim teknir til frekari skoðunar. Í kjölfar innra mats er svo unnin umbótaáætlun fyrir komandi ár og er hana að finna í fylgiskjali aftast í áætluninni.

### *Foreldrakönnun*

Niðurstöður úr foreldrakönnun sem gerð var í mars 2023 og bárust svör fyrir 88 börn af 115 eða 76,5% barnanna. Niðurstöður sýndu að almennt að foreldrar væru ánægðir með það sem spurt var um. Tæplega 95% töldu börnum sínum líða vel í leikskólanum og allir sögðu samskipti við starfsfólk góð og að þeim fyndist þau velkomin í leikskólann. Spurt var út í ákveðnar hefðir og uppbrotsdaga og í 95,3-100% tilfella var fólk ánægt með fyrirkomulag þeirra.

Spurt var hvaða leið hentaði best til að miðla upplýsingum og fréttum og hversu oft fólk vildi fá fréttir. Flestir kusu lokaðan hóp á Facebook, Karellen eða tölvupósta og flest atkvæði féllu á 2x í mánuði frá deildum og 2x á önn frá leikskóla. Fram kom að fólk kaus að nota leikskólaforrit frekar en heimasíður en vildi fá meiri upplýsingar bæði um daglegt líf og starf leikskólans og sín börn. Sömuleiðis vissu foreldrar ekki mikið um kennslu og nám í leikskólanum. Misjafnt var milli deilda hvort foreldrum fannst nægilega mikið miðlað af upplýsingum.

Það sem skilar okkur mestu eru opnu svörin, bæði hvað varðar það sem við gerum vel og hvað þarf að bæta. Það sem var endurtekið vel væri vel tekið á móti börnunum, hlýtt viðmót, góð samskipti við starfsfólk. Námsumhverfið sé gott og fjölbreytni í viðfangsefnum. Foreldrar nefna að þau og börnin þeirra séu ánægð með matinn, hann sé hollur og mjög góður.

Gerð var umbótaáætlun fyrir 2023 – 2024, hana er að finna aftast í áætlunni.

### *Starfsmannasamtöl/-könnun*

Deildarstjórar tóku starfsmannaviðtöl síðastliðinn vetur og starfsmannapúls var lagður fyrir í mars. Niðurstöður þeirra matsverkfæra var að þörf er á að gera hlutverk starfsfólks skýrara þannig að allir viti til hvers er ætlast af þeim. Einnig þarf fleiri jákvæðar áskoranir.

Í starfsmannapúlsi kom fram að starfsfólk vantar starfsmannaviðtöl og telja flestir að gagnsemi þeirra sé mikil. Svo virðist að starfsfólk túli það svo að ekki sé um hefðbundið starfsmannaviðtal sé að ræða þegar deildarstjóri tekur það en ekki leikskólastjórar.

Almenn ánægja er með ræktun mannauðs í leikskólanum og stjórnun.

Símenntun þarf að vera skýr og leiðir vel kynntar. Svo virðist sem starfsfólk átti sig ekki nægilega vel á að námskeið og fræðsla sem fram fer innan veggja leikskólans á starfsdögum flokkist sem sí-/endurmenntun.

Fram kom að starfsfólki fannst það ekki þekkja nægilega vel til starfsfólks milli yngri og eldri álma og óskar eftir aukinni samvinnu þar á milli.

### *Mat barna*

#### Mat barnanna í elsta árgangi:

Samtöl voru tekin með elsta árgangi og voru nokkrar spurningar lagðar fyrir þau. Þar var rætt um afmælishald, leikefni, hlutverk kennara, hvað er skemmtileg/leiðinlegt í leikskólanum og matseðilinn.

Niðurstöður þar voru helstar að þau vilji breytingu á afmælishaldi. Þau vilja nammi, kökur og skraut á deildina.

Fram kom að mörg, sérstaklega stelpurnar, eru ekkert sérlega hrifinn af útiveru, nenna ekki að klæða sig vel og njóta því síður. Brugðið var á að setja stundum val á útiveru og bjóða upp á styttri útiveru fyrir þau sem vilja hana síður. Þegar spurt var hvað væri skemmtilegast í útiveru voru svörin mjög dreifð en flestir nefndu hjóla, róla og vera úti í góðu veðri.

Börnunum fannst þau almennt fá nægan tíma til að leika en sum töluðu um að foreldrar kæmu of snemma að sækja þau, t.d. til að fara í tómstundir.

Þegar spurt var hvað væri skemmtilegast að læra var mikill meirihluti sem nefndi að skólaverkefni, stafina og reikna.

Þau höfðu ekki miklar skoðanir á matnum en af þeim sem höfðu skoðun voru fleiri sátt en ósátt. 50% vissu ekki, 35 % fannst hann góður en 15 % vondur.

## Ytra mat

Ytra mat í Undralandi var gert af Menntamálastofnun árið 2022. Í kjölfar þess var sett á fót matsteymi í leikskólanum sem vann úrbótaáætlun út frá niðurstöðum matsins. Úrbótaáælunin byggir á sömu flokkkum og viðmiðum sem sett eru fram í ytra matinu og er í fylgiskjali aftast í áætluninni.

## 6. Foreldrasamstarf

Samvinna foreldra og leikskóla byggist á gagnkvæmri virðingu í opnum samskiptum og er því mikilvægt að foreldrar finni fyrir vingjarnlegu viðmóti og trausti. Foreldrar/Forráðamenn eru hvattir til þátttöku í viðburðum sem og uppbroti sem er liður í foreldrasamstafi og mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starfi leikskólans.

### Foreldraráð

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsögn til leikskólans og leikskólanefndar um skólanámskrá, skóladagatal og aðrar þær áætlanir sem varða starfsemi leikskóla, fylgjast með að áætlanir séu kynntar foreldrum og hvernig þær eru framkvæmdar. Þá er einnig gert ráð fyrir að við ákvörðun um allar meiriháttar breytingar á skólastarfi sé haft samráð við foreldraráð. Foreldraráð tekur einnig við ábendingum um það sem betur má fara og kemur þeim formlega áleiðis.

Í foreldraráði eru þrír foreldrar og leikskólastjóri. Ráðið hefur ekki komist í gang eftir covid en á áætlun er að koma því af stað í vetur og funda að lágmarki 2x á önn en oftar ef þurfa þykir. Fundargerðir foreldraráðsins verða birtar á heimasíðu leikskólans ásamt starfsreglum.

### Foreldrafélag

Sameiginlegt foreldrafélag er starfandi við leikskólana í Hveragerði. Foreldrafélagið skipuleggur ýmsar uppákomur og félagsstarf fyrir börnin á leikskólanum. Venja hefur verið fyrir því að fá ljósmyndara einu sinni á ári til að taka einstaklinsmyndir og hópmyndir af börnunum. Elsti árgangur barnanna í leikskólanum fer í útskriftaferð og greiðir þá foreldrafélagið fyrir rútuna. Foreldrafélagið sér um sumarhátíð leikskólanna sem haldin er á leikskólalóðinni eftir viðvertíma barnanna, einnig er boðið er upp á 1-2 leiksýningar á ári.

## 7. Starfsmannamál

### Samsetning starfsmannahópsins

Í leikskólanum er gert ráð fyrir 36,5 stöðugildum fyrir veturinn. Þar af er leikskólastjóri í 100% stöðu, sérkennslustjóri í 80% stöðu og staða aðstoðarleikskólastjóra er 100 %. Talmeinafræðingur er í 40 % starfshlutfalli. Á deildum eru 24 stöðugildi til að sinna daglegu lífi ásamt því að sinna þeim börnum sem eru með fullan stuðning. Kjarasamningsbundnir undirbúningstímar í upphafi vetrar eru 96 stundir á viku eða um 2 stöðugildi. Umfram stöðugildi eru því 7,3 til afleysinga vegna veikinda, sérkennslu og

orlofsdaga en þeir eru að frátalinni sumarlokun 219 yfir árið eða sem samsvarar 0,93 stöðugildi. Leikskólinn sinnir einnig afleysingu í mötuneyti leikskólanna

Starfsmenn í eldhúsi í Undralandi eru 5 í allt í samtals 3,63 stöðugildum.

Deildarstjóri er yfirmaður hverrar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna.

Leikskólaárið 2023-2024 munu starfa auk stjórnenda, leikskólasérkennari í stöðu sérkennslustjóra, tveir leikskólakennari með deildarstjórn, einn grunnskólakennari með deildarstjórn, þrír háskólamenntaðir starfsmenn með deildarstjórn og einn leiðbeinandi með deildarstjórn. Tveir leikskólasérkennarara eru starfandi við leikskólann, annars vegar í stuðningi og hins vegar sérkennslu og hlutverki tengiliðar farsældar. Tveir leikskólaliðar eru starfandi í dag og aðrir starfsmenn eru leiðbeinendur. Af ofantöldu starsfsfólki eru 3 í háskólanámi í leikskólakennarafræðum.

# 8. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun skólans og þau eru haldin á starfsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

## Skipulagsdagar og starfsmannafundir

Skipulagsdagar í leikskólum Hveragerðisbæjar eru fimm á ári auk haustþingsdags og starfsmannafundir fimm og eru þeir teknir fyrir kl 16 á daginn. Skipulagsdagar og starfsmannafundir verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins.

- starfsmannafundur fimmtudagur 10. ágúst kl 8-10:
    - leikskólinn og starfsmannahópurinn gerður klár í að taka á móti börnum eftir sumarlokun
- skipulagsdagur mánudaginn 11. September:
    - Vetrarstarf deilda undirbúið og skipulag deilda yfirfarið/endurskoðað – samráðsfundir -
- Haustþing 8. Deildar föstudaginn 29. September
    - Margvíslegir fyrirlestrar og fræðsla fyrir starfsfólk leikskóla á Suðurlandi
- Starfsdagur fimmtudaginn 12. Október
    - Fræðsla frá sérkennurum um málörvun og málörvunarkassa-kynning á útikennslu- fundir – læssistefna tekin fyrir í hópum – samráðsfundir
- Starfsmannafundur miðvikudaginn 15. Nóvember kl 14-16

    - unnið að endurskoðun námsskrár
- Starfsdagur miðvikudaginn 17. Janúar
    - Verndarar barna: fræðsla frá Barnaheill um kynferðisofbeldi á börnum – deildar-/starfsmannafundir – leikskólheimsókn eh.
- starfsmannafundur þriðjudaginn 20. Febrúar kl 14-16
    - fræðsluerindi um þróun teikgrips og teikninga barna – samráðsfundur starfsfólks
- starfsdagur miðvikudaginn 6. Mars
    - Kynning á nýrri stefnu bæjarins – LAL námskeið – deildarfundir – leikskólheimsókn eh.
- starfsdagur föstudaginn 26. Apríl
    - Innra mat og hópavinna við endurskrifun námskrár
- starfsmannafundur þriðjudaginn 21. Maí kl 14-16
    - Endurmat á vetrarstarfi og undirbúningur að sumarstarfi
- 11.starfsmannafundur mánudagnn 3. Júní kl 14-16
    - málefni líðandi stundar.....

Starfsfólk er hvatt til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir leikskólastarfið og sækja þau.

## 9. Aðrar upplýsingar

### *Fjöldi barna*

Þetta skólaár voru 113 börn innskráð og fór fjöldinn upp í 117 börn.

22 börn fædd 2018

40 börn fædd 2019

25 börn fædd 2020

26 börn fædd 2021

4 börn fædd 2022

17 fjöltyngd börn eru í leikskólanum í vetur.

*Sérkennslutímar* barna eru:

8 klst. = 3 börn

4 klst. = 1 barn

1-2 klst. = 16 börn

# 10. Fylgigögn

*Fylgiskjal 1 – Umbótaáætlun MMS/framvinduskýrsla*

*Fylgiskjal 2 – Innra mat/Umbótaáætlun 2023-25*

*Fylgiskjal 3 – Innra mat – matsáætlun Undralands 2024-25*

*Fylgiskjal 4 - Skóladagatal*

Fylgiskjal 1 Umbótaáætlun MMS /framvinduskýrsla

| **Umbótaþáttur – tækifæri til umbóta skv. skýrslu** | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðaraðili/ar | Endurmat, hvenær/hvernig | Staða í janúar 2024 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Svið I – Leikskólinn og umhverfi hans** | | | | | | |
| • Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðum starfsmönnum svo leikskólinn uppfylli ákvæði laga | Auglýsa reglulega eftir fagmenntuðu starfsfólki | Alltaf í gangi | Þegar hlutfalli er náð | • Leikskólastjóri | Alltaf í gangi | Auglýst hefur verið reglulega eftir leikskólakennurum bæði innan svæðis og á ráðningarvef |
| | Hvetja ófaglært starfsfólk til að sækja sér menntun | Alltaf í gangi | Aldrei | • Stjórnendateymi<br>• Allt starfsfólk | Í starfsmannasamtölum ár hvert og í daglegum samskiptum | Gert alla jafna. Nú eru tvær í grunnnámi til B.ed. gráðu og ein í diplómanámi í hagnýtum leikskólafr. |
| • Brýnt er að viðhaldi innanhúss sé sinnt. | Stálklæða álagssvæði og horn | Lokið | | | | Komið |
| | Laga fatahólf barnanna | Sumar 2023 | Haust 2023 | • Umsjónarmaður bygginga | Haust 2023 | Hefur verið óskað eftir og ítrekað. Er í höndum sveitarfélags og búið að taka ákvörðun um að skipta innréttingum út. |
| | Komast fyrir ólykt á Hengli og þar sem þörf er á | Sumar 2023 | Haust 2023 | • Leikskólastjóri<br>• Umsjónarmaður bygginga | Haust 2023 | Komið |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Meta þörf á málningarviðhaldi og áætla framkvæmd yfir árið í samvinnu við málara | Maí – júní ár hvert og desember | Aldrei | • Leikskólastjóri<br>• Deildarstjórar | Alltaf í gangi | Er í símati. Málari hefur verkefnið undir höndum og samið hefur verið um að mála jafnt og þétt þau svæði sem þörf er á. |
| • Skoða útileiksvæði í samráði við starfsfólk með þarfir barnahópsins í huga. | Gera þarfagreiningu á svæðinu í samvinnu við starfsfólk með sérstaka áherslu á yngra svæði. Nýta starfsmannafund í maí til umræðu | Apríl 2023 | Maí 2023 | • Leikskólastjóri<br>• Deildarstjórar | Í Innra mati vor 2024 | Starfsfólk búið að fara yfir hvað þurfi að bæta og í lok árs 2023 var tekið frá fjármagn til kaupa á búnaði fyrir sumarið 2024 |
| | Gera verðkönnun/ -áætlun og óska eftir umbótum í fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 | Ágúst 2023 | Nóvember 2023 | • Leikskólastjóri | Haust 2023 | Sjá að ofan |
| | Gera úrbætur á leiksvæðinu byggðar á ofangreindu | Sumar 2024 | Haust 2025 | • Leikskólastjóri<br>• Sviðsstjóri umhverfissviðs | Í innra mati vor 2026 | Ekki komið að |
| | Fá eldstæði á útisvæði og auka við náttúrulegt efni s.s. trjádrumbar og stjórgrýti | Vor 2023 | Haust 2023 | • Leikskólastjóri<br>• Umhverfisdeild Hvg | Í innra mati 2024 | Aukið hefur verið verulega við náttúrulegan efnivið og afgirt svæði innan lóðar helgað „grófvinnu“. Búið að óska eftir eldstæði en ekki komið. Stefnt á að ná því fyrir sumar 2024 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Breyta hjólaskýli á þá leið að myndist skjól undir þaki á smíða-/sullusvæði | Á vorönn 2023 | Ágúst 2023 | • Umsjónarmaður bygginga | Í innra mati 2024 | Búið að fá samþykki hönnuða og umsjónarm. fasteigna. Hefur ekki verið framkvæmt en ítrekum reglulega beiðnina. |
| | Auka við fjárheimild til útisvæðis | | | • Bæjaryfirvöld | | Ekki komið en í lok árs 2022 og ´23 náði leikskólinn að leggja til hliðar þó nokkra upphæð sem nýtt verður |
| • Bæta þarf umferðaröryggi í nágrenni leikskólans. | Fá hraðahindrun í Þelamörk áður en komið er að leikskólanum. Gatan er 50 gata en ætti að vera 30 gata í nágrenni við leikskólann | Vor 2023 | Ágúst 2023 | • Umhverfisdeild HVG | Haust 2023 | Búið að óska eftir umbótum. Búið að bæta við gangbraut og óska eftir breytingum á skipulagi úr 50 í 30 km. hraða. Hraðahindrun vantar en enn eru framkvæmdir við götuna og hún kemur þegar framkvæmdum lýkur á árinu |
| | Mála gangbrautir í nágrenni leikskólans þar sem þörf er á. | Vor 2023 | Ágúst 2023 | • Umhverfisdeild HVG | Haust 2023 | Komin ein gangbraut en þegar framkvæmdum við götuna lýkur á |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | árinu koma væntanlega fleiri |
| • Gera stefnu og áherslur leikskólans skýrari og kynna fyrir foreldrum. | Við endurskrif skólanámskrár skal draga upp stefnu leikskólans og setja skýrt fram og á aðgengilegan máta. | Á vorönn 2024 | Maí 2024 | • Stjórnunarteymi<br>• Allt starfsfólk | Í innra mati 2024 | Ekki komið að |
| | Þegar endurritun skólanámskrár er lokið fá foreldrar sent eintak og það sett á heimasíðu og í foreldrahóp á fb | | Maí 2024 | • Leikskólastjóri | Haust 2024 | Ekki komið að |
| • Samfara endurskoðun á skólanámskrá leikskólans þarf að taka upp umræðu um einkunnarorð Undralands og gera þau sýnilegri í leikskólanum. | Á starfsmannafundi skal ræða þau gildi sem starfsfólki finnst mikilvæg í leikskólastarfi og komast í sameiningu niður á þau einkunnarorð sem við viljum að endurspegli leikskólann | Janúar 2023 | Febrúar 2023 | • Allt starfsfólk | Í innra mati vor 2023 | Komið. |
| | Hafa einkunnarorðin sýnilegri á heimasíðu, á plöggum sem skólinn sendir frá sér og á veggjum leikskólans | strax | Aldrei | • Leikskólastjóri<br>• Deildarstjórar<br>• Sérkennslustjóri | Í innra mati vor 2023 | Komið |
| | Hafa samband við hönnuð merkis leikskólans og fá því breytt svo einkunnarorð verði sýnilegri | Að lokinni endurskoðun einkunnarorða | Mars 2023 | • Leikskólastjóri | Í innra mati vor 2023 | Komið |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| • Endurskoða skólanámskrá í samræmi við aðalnámskrá leikskóla frá 2011, með aðkomu kennara, annars starfsfólks, foreldra og barna. | Ljúka endurskoðun námskrárinnar og uppfærslu eftir stækkun leikskólans. Unnið í hópavinnu á starfsdögum. Starfsfólk fær tækifæri til að velja sér vinnuhóp eftir umfjöllunarefni/köflum. Stjórnunarteymi tekur saman niðurstöður og vinnur í texta. | Á vorönn 2023 | Að vori 2024 | • Stjórnunarteymi<br>• Allt starfsfólk | Í innra mati skólaárið 2024-25 | Í vinnslu. Búið að taka flesta kafla fyrir en á eftir að koma niðurstöðum í texta |
| | Taka viðtöl við börn leikskólans. Spyrja m.a. um hvaða starfi þau hafi gaman að, hvaða leikefni, skipting í hópa, fyrirkomulag matmálstíma o.s.frv. | september 2023 | Október 2023 | • Deildarstjórar | Í innra mati vor 2024 | búið |
| | Niðurstöður foreldrasamtala teknar saman og hafðar til hliðsjónar við endurritun | Mars 2023 | Júlí 2024 | • deildarstjórar | Í innra mati vor 2024 | Í vinnslu. Búið að taka saman og haft til hliðsj. |
| | Gera foreldrakönnun þar sem kallað er eftir viðhorfum og skoðunum foreldra á afmörkuðum þáttum, s.s. áherslum, upplýsingagjöf, náms-, kennslu- og leikefni, foreldrasamstarfi, o.fl. | Febrúar 2023 | Mars 2023 | • Leikskólastjórar | Í innra mati vor 2024 | búið |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Að ofangreindri vinnu lokinni fer námskráin til foreldraráðs til yfirlestrar og athugasemda. | Júní 2024 | Júlí 2024 | • Leikskólastjóri | Að hausti 2024 | Ekki komið að |
| • Kynna skólastefnu Hveragerðis fyrir kennurum, öðru starfsfólki og foreldrum. | Kynna nýja skólastefnu Hveragerðisbæjar á starfsmannafundi. Í framhaldi eru markmið og áherslur leikskólans ígrunduð með hliðsjón af skólastefnunni | Janúar 2023 | Janúar 2023 | • Leikskólastjóri<br>• Aðstoðarleik-skólastjórar | Í innra mati skólaárið 2024-25 | Komið |
| | Senda foreldrum skólastefnuna í tölvupósti, setja hana inn á foreldrahóp á Facebook og á heimasíðu leikskólans og hvetja fólk til að kynna sér hana | Desember 2022 | Desember 2022 | • Leikskólastjóri | Í innra mati skólaárið 2024-25 | Búið |
| | Setja afrit af nýrri skólastefnu bæjarins inn í starfsmannahandbók og eintök deldanna. | | Lokið | • Aðstoðar.l.sk.stj. | Í innra mati skólaárið 2024-25 | komið |
| • Umræða fari fram um hugmyndafræði og stefnu leikskólans, hvernig vinna á að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og tengsl við | Draga fram og enduskoða markmið leikskólans og áherslur úr námskrá og ræða á starfsmannafundi í mars 2023. Eru þau enn gild eða þarfnast þau endurskoðunar. | Mars 2023 | Mars 2023 | • Stjórnunarteymi<br>• Allt starfsfólk | Í innra mati skólaárið 2024-25 | Búið að ræða á stafsmannafundi og tengja við námsskrá. Unnið í hópum og ígrundað hvernig birtist í starfi |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| skólastefnu Hveragerðis | Kynna Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna á starfsdegi. Taka grunnatriði sáttmálans (gr. 2, 3, 6, 12) og ræða á vinnustöðvum,. Tökum einnig fyrir gr. 13, 16, 19, 29, 30. Ræða m.a. um hvort unnið sé í samræmi við viðkomandi grein og hvort og hvað megi gera meira | Mars 2023 | Mars 2023 | • Stjórnunarteymi<br>• Allt starfsfólk | Í innra mati skólaárið 2024-25 | Búið. Unnið í hópum hvar og hvernig birtist í starfi og hvort þurfi/megi bæta við |
| • Gera skólanámskrá og starfsáætlun aðgengilegar á heimasíðu leikskólans. | Hlaða inn skrám á heimasíðu | | Lokið | • Leikskólastjóri | | komið |
| • Gera rýmingaráætlun sýnilegri og aðgengilegri á deildum. | Prenta rýmingaráætlun og setja upp á vegg á öllum deildum | Desember 2022 | Janúar 2023 | • Aðstoðarleiksk.st. | Í innra mati skólaárið 2024-25 | komið |
| | Setja rýmingaráætlun inn í starfsmannahandbók og bæta inn í eintök inni á deildum | Janúar 2023 | Janúar 2023 | • Aðstoðarleiksk.st. | Í innra mati skólaárið 2024-25 | komið |
| | Hafa rýmingaræfingu með börnum og starfsfólki | Í september ár hvert | Aldrei | • Leikskólastjórar | Í innra mati hvert skólaár | Hefur verið gert hver deild fyrir sig og skipulögð alsherjaræfing er á dagskrá í maí |
| • Vinna starfsáætlun í samvinnu við kennara, | Viðtöl við elstu börn þar sem rætt er um óskir þeirra varðandi | Mars ár hvert | Apríl ár hvert | • Leikskólastjórar<br>• Deildarstjórar | Í innra mati að hausti hvert skólaár | Er í vinnslu |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
